

Sp.

98. Tillaga til þingsályktunar

[87. mál]

um sjálfvirk radiódufl í íslenskum skipum.

Flm.: Bjarnfríður Leósdóttir, Garðar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að sett verði inn í reglugerð um eftirlit með skipum ákvæði um, að öll íslensk skip skuli hafa um borð sjálfvirk radiódufl til neyðarkallssendinga.

G r e i n a r g e r ð .

Það er óþarfi að taka það fram, hvert gildi það hefur fyrir íslenzku þjóðina, að öryggi sjómanna sé treyst eins og framast er unnt. Þess vegna þarf að fylgjast vel með á tækniöld, hvort ekki komi fram ný tæki, sem mundu verða til aukins öryggis, ef notuð væru.

Í fyrra var reynd á Gísla Johnsen ný gerð af sjálfvirku radiódufli. Tækið reyndist með afbrigðum vel, og merki frá því heyrðust um allt land á neyðarbylgjunni 2182 kílóriðum.

Þetta dufl flýtur sjálfkrafa upp, ef skipið sekkur, og byrjar að senda eftir 30 sekúndur.

Það sendir þá neyðarmerkið SOS í sífellu ásamt kallmerki skipsins og tón til miðunar í þrjár mínútur samfelt. Þannig halda sendingar áfram í 72 klukkustundir með 12 mínútna millibili. Sendikraftur duflsins er svo mikill, að það útilokar allar aðrar sendingar á neyðarbylgjunni.

Öllum ætti að vera ljóst, hversu mikið öryggi slíkt tæki mundi veita sjómönnum, og einnig, hversu mikið það mundi auðvelda leit að skipum í sjávarháskaga og bjarga mörgum manslífum.